

1. tilskipun ráðsins 92/75/EBE frá 22. september 1992 um merkingar og staðlaðar vörulýsingar á heimilistækjum er greina frá notkun þeirra á orku og öðrum aðföngum (tilskipunin er birt í 3. bók sérstakrar útgáfu EES-viðbætis við Stjórnartíðindi EB á árinu 1994);
2. tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/2/EB frá 21. janúar 1994 um framkvæmd tilskipunar ráðsins 92/75/EBE að því er varðar orkumerkingar á rafknúnum kælskápum, frystiskápum og sambyggðum skápum til heimilisnota (tilskipunin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, hefti nr. 48/1995, bls. 23);
3. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 63/95 frá 29. september 1995 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn (ákvörðunin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, hefti nr. 48/1995, bls. 13).

Um framkvæmd reglugerðarinnar vísast að öðru leyti í viðkomandi gerðir sem framkvæma skal hér á landi í samræmi við ákvæði EES-samningsins, m.a. bókun 1 við samninginn um altæka aðlögun.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Iðnaðarráðuneytinu, 29. janúar 1996.

Finnur Ingólfsson.

Jón Ingimarsson.

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 231/1993, um endurgreiðslu á umtalsverðum útgjöldum sjúkratryggðra vegna læknishjálpar og lyfja.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. regnanna:

- a. b. liður orðast svo: Hluta sjúkratryggðs í kostnaði við nauðsynlegt lyf, sbr. 3. og 4. gr. reglugerðar nr. 327/1995, um greiðslur almannatrygginga í lyfjakostnaði, með síðari breytingum. Endurgreiðsla almannatrygginga á lyfjum miðast að hámarki við viðmiðunarverð, þar sem það á við, en annars við gildandi smásöluverð, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 327/1995.
- b. c. liður falli brott.

2. gr.

Við 4. gr. bætist ný málslíður, svohljóðandi: Áður en endurgreiðslur eru ákvarðaðar er heimilt að draga frá heildarkostnaði við lyfjakaup, uppbót sem elli- og örorkulífeyrisþegi nýtur vegna lyfja skv. 10. gr. laga nr. 118/1993, um félagslega aðstoð.

3. gr.

5. gr. regnanna orðast svo:

Umsóknum um endurgreiðslur samkvæmt reglum þessum skal skilað til Tryggingastofnunar ríkisins eða umboða hennar. Endurgreiðslur miðast við útgjöld vegna læknishjálpar og lyfja hálf almanaksár í senn, annars vegar fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní og hins vegar fyrir tímabilið 1. júlí til 31. desember ár hvert.

4. gr.

6. gr. reglnanna orðast svo:

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 12. gr. laga nr. 118/1993, um félagslega aðstoð, öðlast þegar gildi.

5. gr.

Reglur þessar öðlast gildi 1. febrúar 1996.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 30. janúar 1996.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Davíð Á. Gunnarsson.

3. janúar 1996

Nr. 71

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 344/1990
um skírteini gefin út af Flugmálastjórn.**

1. gr.

Greinar 2.4.1.2.t, 2.5.1.2.z, 2.8.1.2.t og 2.9.1.2.y, falli brott.

2. gr.

Grein 7.2.10. orðist svo:

Flugmálastjórn fær viðurkenndum skólum stjórn bóklegs atvinnuflugnáms og hefur eftirlit með framkvæmd þess. Námið skal stundað samkvæmt kennsluáætlun staðfestri af Flugmálastjórn. Rétt til bóklegs atvinnuflugnáms hefur hver sá, sem náð hefur 17 ára aldri, lokið bóklegu og verklegu einkaflugnámi og er handhafi einkaflugmannsskírteinis. Flugskóli sá sem hið bóklega nám annast, skal áður en nám hefst, sannreyna að umsækjandi hafi nægilega kunnáttu í ensku, stærðfræði og eðlisfræði til þessa að geta skilið það námsefni sem kennt er.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum nr. 34/1964 um loftferðir tekur þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 3. janúar 1996.

Halldór Blöndal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

24. janúar 1996

Nr. 72

AUGLÝSING

um áskriftargjald Lögbirtingablaðs.

Áskriftargjald Lögbirtingablaðs fyrir árið 1996 skal vera 1.500 krónur. Einstök blöð kosta 50 krónur í lausasölu.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 24. janúar 1996.

Þorsteinn Pálsson.

Jón Thors.